



Borgarráð

Erindisbréf stýrihóps um uppbyggingu leikskóla

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagt erindisbréf stýrihóps um uppbyggingu leikskóla.

Einar Þorsteinsson
formaður borgarráðs

Hjálagt:
Erindisbréf stýrihóps um uppbyggingu leikskóla, dags. 23. júní 2022.

Erindisbréf

Stýrihópur um uppbyggingu leikskóla

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík

Markmið og hlutverk stýrihóps um uppbyggingu leikskóla:

Stýrihópnum er ætlað að fylgja eftir aðgerðaáætlun um Brúum bilið, vinna að því að áætlanir framkvæmda standist þ.m.t. um kostnað, tímasetningar og verklok auk þess að leggja fram tillögur um breytingar á áætluninni ef þörf krefur. Stýrihópurinn taki mið af áætlunum um viðhald og endurbætur leikskólahúsnæðis eftir þörfum og sömuleiðis innritun og mönnun leikskóla.

Greinargerð:

Borgarstjórn samþykkti í nóvember 2018 aðgerðaáætlunina Brúum bilið um víðtæka uppbyggingu leikskóla í borginni. Sú áætlun var uppfærð og endurskoðuð í mars 2022 og felur í sér að fjölgað verði rýmum um nærri 1700 á næstu árum með opnun nýrra leikskóla, stækkun starfandi leikskóla með viðbyggingum og viðbótar deildum og fjölgun rýma hjá sjálfstætt starfandi leikskólum.

Stýrihópurinn skipa:

Skúli Helgason, formaður

Árelía Eydís Guðmundsdóttir

Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir

Starfsmaður hópsins:

Verkefnastjóri ráðinn af skrifstofu borgarstjóra.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Ósk Soffía Valtýsdóttir frá umhverfis- og skipulagssviði

Fulltrúi frá verkefnastofu umhverfis- og skipulagssviðs

Jón Valgeir Björnsson frá eignaskrifstofu fjármála- og áhættustýringarsviðs

Ólafur Brynjar Bjarkason frá skóla- og frístundasviði

Ásdís Olga Sigurðardóttir frá skóla- og frístundasviði

Verkefnastjórar einstakra framkvæmda í aðgerðaáætluninni

Stýrihópurinn leiti að auki ráðgjafar frá aðilum innan og utan borgarkerfisins eftir þörfum, frá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefnum hópsins.

Starfstími:

Stýrihópurinn starfi til loka maí 2026.

Reykjavík, 23. júní 2022

Dagur B. Eggertsson